

# Skurðaðgerð á hendi í staðdeyfingu

## Undirbúningur

### Blóðþynningarlyf

Hætta þarf töku blóðþynningarlyfja um viku fyrir aðgerð í samráði við lækinn, sem er ábyrgur fyrir blóðþynningarmedferðinni. Jafnframt þarf að hætta töku Magnýls og bólgueyðandi lyfja vegna blóðþynnandi áhrifa.

### Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is) (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

### Fasta

Ekki þarf að fasta fyrir aðgerðina.

## Aðgerðardagur


### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip í sturtuna.

### Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á umsömdum tíma.

Skurðaðgerð á hendi er gerð í staðdeyfingu. Við komu á deild þarf að undirrita samþykki fyrir aðgerð. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Eftir aðgerðina fer sjúklingur á dagdeild skurðlækninga A5.

Útskrift er samdægurs.



# Útskriftarfræðsla

## Verkir

Eftir aðgerðina má búast við verkjum á skurðsvæði. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

## Skurðsár

Skurðsári er lokað með saumum sem ýmist eyðast af sjálfum sér eða þarf að fjarlægja. Stundum er einnig sett spelka eða gifs til að halda hendinni stöðugri. Ef vandamál koma upp varðandi umbúðir, þarf að hafa samband við göngudeild bæklunarskurðlækninga.

## Sturta

Fara má í sturtu en hlífa þarf hendinni og umbúðunum fyrir vatni þar til gifs hefur verið fjarlæggt. Hægt er að líma plastpoka yfir hendi til hlífðar.

## Hreyfing

Til að draga úr bjúg og stirðleika er:

- Mikilvægt að hreyfa reglulega þá fingur sem standa undan umbúðum og hreyfa aðra liði í handleggnum svo sem öxl og olnboga.
- Hafa hærra undir hendinni fyrstu vikuna. Gott er til dæmis að leggja kotta undir höndina þegar setið er.
- Miða við að hendi sé í hjartahæð og láta hendina hanga sem minnst.

## Vinna

Mismunandi er hve fljótt er hægt að byrja aftur að vinna en það fer eftir eðli starfs og líðan.

## Eftirmeðferð

Fyrir útskrift er endurkomutími ákveðinn hjá lækni. Þá eru saumar fjarlægðir og skipt um gifs.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

**Hafa þarf samband við göngudeild bæklunarskurðlækninga G3 eða leita á bráðamóttöku (utan dagvinnutíma) ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:**

- Fingur hvítna eða dofna
- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Grunur er um sýkingu á skurðsvæði
- Aukinn verkur er á skurðsvæði þrátt fyrir töku verkjalyfja

### Símanúmer

- Göngudeild bæklunarskurðlækninga G3 í Fossvogi er opin kl. 08:00-16:00 543 2040.
- Dagdeild skurðlækninga A5 í Fossvogi er opin virka daga kl. 07:00-22:00 543 7570.